# Sparisjóður Suður-Þingeyinga

## Ársreikningur 2009

Sparisjóður Suður-Þingeyinga
Kjarna
650 Laugar

kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður út frá sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Tap varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2009 að fjárhæð 42,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 299,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 10,8% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfjáreignendum voru 255 í ársbyrjun en 256 í árslok og fjölgaði því um einn stofnfjáraðila á árinu. Stofnfé sparisjóðsins nam 54,7 millj. kr. í árslok 2009 og er í eigu 256 stofnfjáraðila og átti enginn aðili yfir 5% eignarhlut í sparisjóðnum.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Laugum, 24. mars 2010.

Stjórn Sparisjóðs Suður Þingeyinga:

Ari Teitsson
formaður

Margrét Hólm Valsdóttir

Þórhallur Hermannsson

Dagur Jóhannesson

Björn G. Yngvason

Guðmundur E. Lárusson
Sparisjóðsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 24. mars 2010

***KPMG***
Arnar Árnason

# Rekstrarreikningur árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 464.013.332 | 120.932.098 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 386.108.197 | 520.689.409 |
| | | 850.121.529 | 641.621.507 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 4.677.648 | 5.107.233 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 651.155.296 | 447.906.394 |
| | | 655.832.944 | 453.013.627 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 194.288.585 | 188.607.880 |
| Þjónustutekjur | 4 | 38.193.593 | 37.395.512 |
| Þjónustugjöld | | ( 7.051.922) | ( 7.101.518) |
| **Hreinar þjónustutekjur** | | 31.141.671 | 30.293.994 |
| Gjöld af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 5 | ( 59.587.319) | ( 234.872.386) |
| (Gengistap) hagnaður | 5 | ( 4.288.005) | 20.048.019 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 4.127.288 | 3.323.693 |
| **Önnur rekstrargjöld samtals** | | ( 59.748.036) | ( 211.500.674) |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 165.682.220 | 7.401.200 |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 65.960.030 | 59.165.462 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður | | 73.583.060 | 75.075.330 |
| Afskriftir | 12 | 1.332.904 | 1.332.904 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | 10 | 63.341.146 | 38.462.047 |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | ( 38.534.920) | ( 166.634.543) |
| Tekjuskattur | 8 | ( 3.504.827) | 39.838.258 |
| **Tap ársins** | 16 | ( 42.039.747) | ( 126.796.285) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður | | 10.158.757 | 12.085.258 |
| Kröfur á lánastofnanir | 9 | 4.864.623.467 | 2.582.838.949 |
| Útlán til viðskiptamanna | 10 | 2.531.305.386 | 2.314.530.642 |
| Fullnustueignir | 10 | 69.625.718 | 75.964.915 |
| Skuldabréf og verðbréf með föstum tekjum | 11 | 52.871.964 | 72.719.524 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 11 | 50.283.299 | 114.191.974 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 11 | 12.356.466 | 9.835.760 |
| Rekstrarfjármunir | 12 | 39.982.735 | 41.315.639 |
| Skatteign | 14 | 186.838 | 193.739 |
| Ýmsar eignir | | 14.756.777 | 1.306.944 |
| Áfallnar tekjur | | 1.341.616 | 1.323.690 |
| **Eignir samtals** | | 7.647.493.023 | 5.226.307.034 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 229.283.484 | 163.730.045 |
| Óbundin innlán | | 5.036.102.560 | 2.944.168.460 |
| Bundin innlán | 15 | 1.988.470.718 | 1.699.214.380 |
| Ýmsar skuldir | | 81.185.384 | 56.074.070 |
| Áfallin gjöld | | 9.426.554 | 8.524.872 |
| Ógreiddur áætlaður tekjuskattur | | 3.497.926 | 9.593.112 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 7.347.966.626 | 4.881.304.939 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 54.709.439 | 46.867.995 |
| Varasjóður | | 244.816.958 | 298.134.100 |
| Eigið fé samtals | 16 | 299.526.397 | 345.002.095 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 7.647.493.023 | 5.226.307.034 |
| **Utan efnahagsreiknings:** | | | |
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 17 | | |
| Aðrar skuldbindingar | 17 | | |

# Eiginfjáryfirlit árið 2009

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árið 2008** | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2008 | 6.410.815 | 426.993.355 | 433.404.170 |
| Arðgreiðsla | | ( 641.100) | ( 641.100) |
| Tap ársins | | ( 126.796.285) | ( 126.796.285) |
| Aukning stofnfjár | 39.035.310 | | 39.035.310 |
| Endurmat stofnfjár | 1.421.870 | ( 1.421.870) | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2008 | 46.867.995 | 298.134.100 | 345.002.095 |
| **Árið 2009** | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2009 | 46.867.995 | 298.134.100 | 345.002.095 |
| Arðgreiðsla | | ( 4.686.894) | ( 4.686.894) |
| Tap ársins | | ( 42.039.747) | ( 42.039.747) |
| Aukning stofnfjár | 1.250.943 | | 1.250.943 |
| Endurmat stofnfjár | 6.590.501 | ( 6.590.501) | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2009 | 54.709.439 | 244.816.958 | 299.526.397 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | 16 | ( 42.039.747) | ( 126.796.285) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur | | ( 17.936.662) | ( 119.848.844) |
| Gjöld af hlutdeildarfélögum | | ( 2.520.706) | 174.715.265 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | 10 | 63.341.146 | 38.462.047 |
| Tekjuskattur | 14 | 6.901 | ( 39.838.258) |
| Aðrir liðir | | 5.714.586 | 2.109.138 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 6.565.518 | ( 71.196.937) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kröfur á aðrar lánastofnanir | | ( 26.293.973) | ( 747.101) |
| Útlán, breyting | | ( 114.920.848) | ( 68.626.697) |
| Fjárfestingahlutabréf, breyting | | 83.756.235 | 45.785.356 |
| Ýmsar eignir, breyting | | ( 13.449.833) | ( 1.178.795) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 70.908.419) | ( 24.767.237) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 65.553.439 | 91.528.512 |
| Innlán, breyting | | 2.240.271.255 | 2.213.756.453 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 15.518.202 | 28.472.189 |
| Innborgað stofnfé | 16 | 1.250.943 | 39.035.310 |
| Arður af stofnfé | 16 | ( 4.686.894) | ( 641.100) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 2.317.906.945 | 2.372.151.364 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 2.253.564.044 | 2.276.187.190 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 2.568.424.007 | 292.236.817 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 4.821.988.051 | 2.568.424.007 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Sparisjóður Suður-Þingeyinga er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru í Kjarna, 650 Laugum.

Hlutverk Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

***Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

### a. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2009.

### b. *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### c. *Þjónustutekjur*

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

### d. *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### e. *Víkjandi kröfur*

Sparisjóðurinn hefur tekið við skuldabréfum í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Krafa samkvæmt skuldabréfum þessum víkja fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda. Krafan er færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok 2009 meðal krafna á lánastofnanir. Verðtryggðar kröfur eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2010.

### f. *Útlán*

Útlán til viðskiptamanna eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2010 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2009.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### f. *Útlán frh.:*

**(i) Afskriftarreikningur útlána**

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

**(ii) Fullnustueignir**

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði, eða kostnaðarverði eftir því hvort er lægra, í ársreikning sparisjóðsins.

### g. *Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum*

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

### h. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Húseign ........................................................ | 50 ár |
| Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar ........................................ | 5-10 ár |

### i. *Skatteign/Tekjuskattsskuldbinding*

Skatteign/tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri og í ársreikningi. Í árslok var reiknuð skattinneign hærri en tekjuskattsskuldbinding af efnahagsliðum og því er reiknuð skatteign færð til eignar.

### j. *Handbært fé*

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 4.822,0 millj. kr. í árslok 2009.

## 4. Þjónustutekjur

| Þjónustutekjur sundurliðast þannig: | **2009** | **2008** |
|---|---|---|
| Ábyrgðarþóknun ........................................ | 1.090 | 811 |
| Aðrar þjónustutekjur ........................................ | 37.104 | 36.585 |
| Samtals ........................................ | 38.194 | 37.396 |

## 5. Aðrar rekstrartekjur

### a. *(Gjöld) tekjur af eignarhlutum*

Gjöld og tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Fenginn arður | 0 | 8.241 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | ( 62.108) | ( 65.737) |
| Hlutdeild í eignarhlutum sbr. skýring 11 | 2.521 | ( 177.376) |
| Samtals | ( 59.587) | ( 234.872) |

### b. *Gengishagnaður*

Gengishagnaður sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf | ( 90) | 9.183 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | ( 4.198) | 10.865 |
| Samtals | ( 4.288) | 20.048 |

## 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 53.932 | 48.834 |
| Önnur launatengd gjöld | 12.028 | 10.331 |
| Laun og launatengd gjöld greinast samtals | 65.960 | 59.165 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 11 | 12 |
| Stöðugildi í árslok | 11 | 11 |

Laun og þóknanir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Sparisjóðsstjóri | 9.903 | 9.616 |
| Stjórnarformaður | 1.000 | 670 |
| Aðrir stjórnarmenn (4) | 2.000 | 1.370 |
| | 12.903 | 11.656 |

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum lán að fjárhæð 2,3 millj. kr. en lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna eru ekki meðtalin.

## 7. Þóknun endurskoðenda

Þóknun endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 1.644 | 1.788 |
| Könnun árshlutareiknings | 834 | 814 |
| Önnur þjónusta | 2.636 | 2.198 |
| Samtals | 5.114 | 4.800 |

## 8. Skattar

Útleiðing á virku skatthlutfalli:

| | | 31.12.2009 | | 31.12.2008 |
|---|---|---|---|---|
| Tap fyrir skatta | | ( 38.535) | | ( 166.635) |
| Reiknaður tekjuskattur | 15% | ( 5.780) | 15% | ( 24.995) |
| Eignarhlutir í félögum | -24% | 9.316 | 25% | ( 41.868) |
| Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli | 0% | ( 31) | 5% | ( 8.206) |
| Aðrir liðir | 0% | 0 | -21% | 35.231 |
| | -9% | 3.505 | 24% | ( 39.838) |

## 9. **Kröfur á lánastofnanir**

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 4.814.403 | 2.556.261 |
| 3 mánuðir og allt að 1 ár | 1.300 | 80 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 27.496 | 4.088 |
| Yfir 5 ár | 174 | 1.160 |
| Bundnar kröfur Sparisjóðabanka Íslands skv. reglum um bindiskyldu | 21.250 | 21.250 |
| Samtals | 4.864.623 | 2.582.839 |

## 10. **Útlán**

### a. *Útlán til viðskiptamanna*

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 525.330 | 420.043 |
| Víxlar | 0 | 1.806 |
| Skuldabréf | 2.005.975 | 1.892.682 |
| Samtals | 2.531.305 | 2.314.531 |

### b. *Útlán eftir lántakendum*

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 1,7% | 0,2% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 4,6% | 4,9% |
| Sjávarútvegur | 4,9% | 4,1% |
| Verslun | 3,2% | 2,8% |
| Iðnaður og verktakar | 10,7% | 8,0% |
| Þjónusta | 11,7% | 11,8% |
| Einstaklingar | 63,3% | 68,2% |
| Samtals | 100% | 100% |

### c. *Útlán eftir eftirstöðvatíma*

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 80.416 | 35.629 |
| Allt að 3 mánuðir | 440.165 | 392.961 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 178.046 | 186.887 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 667.484 | 647.657 |
| Yfir 5 ár | 1.165.194 | 1.051.397 |
| Samtals | 2.531.305 | 2.314.531 |

### d. *Fullnustueignir*

Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu markaðsvirði eða kostnaðarverði því sem lægra reynist og nemur verðmæti þeirra 69,6 millj. kr. í árslok.

### e. *Óvaxtaberandi útlán*

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok 2009 greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 58.082 | 44.808 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 21.831) | ( 26.241) |
| Önnur vaxtafryst útlán | 26.148 | 27.071 |
| Óvaxtaberandi lán samtals | 62.399 | 45.638 |

**f.** ***Afskriftarreikningur útlána***

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig;

| | Afskriftarreikningur Sérstakur | Afskriftarreikningur Almennur | 2009 Samtals | 2008 Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftarreikningur útlána í ársbyrjun | 51.061 | 68.634 | 119.695 | 89.882 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 54.650 | 8.691 | 63.341 | 38.462 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 400) | ( 65) | ( 465) | ( 9.289) |
| Innkomið áður afskrifað | | | 0 | 640 |
| Afskriftarreikningur útlána í árslok | 105.311 | 77.260 | 182.571 | 119.695 |
| | | | | |
| Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 3,6% | 2,6% | 6,2% | 4,6% |

## 11. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

**a.** ***Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum***

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð 2009 | Markaðsverð | Bókfært verð 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | | | |
| Skráð skuldabréf | 33.619 | 33.489 | 33.344 | 33.344 |
| | | | | |
| Fjárfestingarskuldabréf | | | | |
| Óskráð skuldabréf | | 19.383 | | 39.376 |
| Samtals | | 52.872 | | 72.720 |

**b.** ***Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum***

Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum greinast þannig:

| Eignarhlutir í fjármálastofnunum og öðrum félögum greinast þannig: | Nafnverð/ hlutir | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Saga Capital hf., Akureyri | 35.000 | 12.950 |
| VBS fjárfestingarbanki hf., Reykjavík | 5.007 | 2.503 |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 23.155 | 6.947 |
| FSP holding ehf., Reykjavík | 19.059 | 0 |
| Grand hótel Mývatn ehf., Skútustaðahreppi | 14.000 | 7.000 |
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík | 1.576 | 15.759 |
| Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf., Reykjavík | 1.257 | 382 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík | 795 | 3.332 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi | 190 | 0 |
| Kjarni ehf., Laugum | 1.000 | 1.000 |
| Önnur félög | 410 | 410 |
| | | 50.283 |

**c.** ***Hlutir í hlutdeildarfélögum***

Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Afkomu- hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík | 1,3% | 0 | 14.854 | 0 |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík | 1,3% | 0 | 2.428 | 4.111 |
| Teris, Reykjavík | 1,1% | 2.521 | 2.895 | 8.245 |
| Hlutdeildarfélög alls | | 2.521 | | 12.356 |

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Húseignir og lóðir | Bifreið | Húsbúnaður og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2009 | 56.250 | 2.890 | 10.362 | 69.502 |
| Afskrifað samtals 1.1.2009 | ( 18.278) | ( 1.445) | ( 8.463) | ( 28.186) |
| Bókfært verð 1.1.2009 | 37.972 | 1.445 | 1.899 | 41.316 |
| Afskrifað á árinu | ( 785) | ( 289) | ( 259) | ( 1.333) |
| Bókfært verð 31.12.2009 | 37.187 | 1.156 | 1.640 | 39.983 |
| | | | | |
| Heildarverð 31.12.2009 | 56.250 | 2.890 | 10.362 | 69.502 |
| Afskrifað samtals 2009 | ( 19.063) | ( 1.734) | ( 8.722) | ( 29.519) |
| Bókfært verð 31.12.2009 | 37.187 | 1.156 | 1.640 | 39.983 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 10% | 20% | |

***Fasteignamat og vátryggingaverð***

Fasteignamat húseigna sparisjóðsins í árslok 2009 nam 33,3 millj. kr. og lóða 2,2 millj. kr. eða samtals 35,4 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 137,9 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar nam 23,6 millj. kr. í árslok.

## 13. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 1.962,4 millj. kr. í árslok 2009 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 1.806,1 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 228,6 millj. kr. í árslok 2009 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 222,7 millj. kr.

## 14. Skatteign

| Skatteign greinist þannig: | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Skatteign í ársbyrjun | 194 | ( 49.238) |
| Tekjuskattur til greiðslu | 3.498 | 9.594 |
| Tekjuskattur ársins | ( 3.505) | 39.838 |
| Skatteign í árslok | 187 | 194 |

Skatteign sparisjóðsins skiptist þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 187 | 194 |
| Skatteign í árslok | 187 | 194 |

## 15. Innlán

| Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma: | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 448.360 | 287.635 |
| Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári | 204.314 | 187.403 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 1.183.319 | 1.099.207 |
| 5 ár og síðar | 152.478 | 124.969 |
| Samtals | 1.988.471 | 1.699.214 |

## 16. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2009 | 46.868 | 298.134 | 345.002 |
| Innborgað stofnfé | 1.251 | | 1.251 |
| Tap ársins | | ( 42.040) | ( 42.040) |
| Greiddur arður | | ( 4.687) | ( 4.687) |
| Endurmat stofnfjár | 6.590 | ( 6.590) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2009 | 54.709 | 244.817 | 299.526 |

Eigið fé í árslok 2009 nemur 299,5 millj. kr. eða 3,9% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að viðbættum ábyrgðum utan efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 10,8%, en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

| Hlutfallið reiknast þannig: | 31.12.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Heildar eigið fé | 299.526 | 345.002 |
| Eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum | ( 14.028) | ( 48.199) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 285.498 | 296.803 |
| Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig: | | |
| Útlánaáhætta | 189.940 | 137.131 |
| Markaðsáhætta | 2.250 | 3.042 |
| Rekstraráhætta | 19.306 | 27.541 |
| Eiginfjárkrafa | 211.496 | 167.714 |
| Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu | 74.002 | 129.089 |
| Eiginfjárhlutfall | 10,8% | 13,4% |

## 17. Skuldbindingar utan efnahags

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 139.571 | 85.405 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 137.991 | 164.803 |

Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir hans nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.